



## Fundargerð

Aukafundur í atvinnu- og menningarmálanefnd í Djúpavogshreppi kjörtímabilið 2018-2022

Aukafundur var haldinn í atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, föstudaginn 23. nóvember 2018 kl. 08:00. Fundinn sátu Þorbjörg Sandholt formaður, , Hafliði Sævarsson, Ingi Ragnarsson, Jóhann Hjaltason og Þór Vigfússon. Einnig sat fundinn Greta Mjöll Samúelsdóttir atvinnu- og menningarmálafulltrúi, Þorbjörg stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá var eftirfarandi:

### 1. Umsóknir um rekstur Löngubúðar

---

### 1. Umsóknir um rekstur Löngubúðar

Þrjár umsóknir bárust í rekstur Löngubúðar, frá Kálki, Heru Líf Liljudóttur og auk þess skiluðu Bergþóra Birgisdóttir og Jóhanna Meyer Birgisdóttir inn sameiginlegu tilboði. Nefndin fór yfir umsóknirnar og list vel á öll tilboðin. Það er álit nefndarinnar að Kálfur leggi fram besta tilboðið út frá veltu síðustu ára í Löngubúð. Nefndin telur það einnig kost að Kálfur hafi rekið Löngubúð við góðan orðstýr síðast liðin ár og þekki því reksturinn vel.

Nefndin þakkar öllum umsækjendum fyrir sýndan áhuga.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 09:00

Þorbjörg ritaði fundargerð

Þorbjörg Sandholt  
Hafliði Sævarsson  
Jóhann Hjaltason  
Þór Vigfússon  
Greta Mjöll